

Ed.

758. Frumvarp til laga

[285. mál]

um sáttastörf í vinnudeilum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 604 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

8. gr. hljóðar svo:

Ef samningaumleitarnir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launþega og vinnuveitenda eða einstakan vinnuveitanda eigi hann í vinnudeilu til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðilja, áður en hann ber fram miðlunartillögu.

9. gr. hljóðar svo:

Sáttasemjari ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands, getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar.

Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðilja eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum, sem miðlunartillaga nær til, þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 3. mgr. eftir því sem við á.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

12. gr. hljóðar svo:

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillögunu. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar sins, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.